

Borgarráð 29. ágúst 2024: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og Viðreisnar um viðbrögð við kynþáttafordómum í grunnskólum Reykjavíkur MSS24080108

Óskað er eftir svörum um hvernig viðbrögðum vegna kynþáttafordóma í grunnskólum Reykjavíkur er háttað. Hvaða aðgerða er gripið til og hvernig er staðið að forvörnum og fræðslu gegn kynþáttafordómum.

Greinargerð:

Teikn hafa verið á lofti um aukna kynþáttafordóma í grunnskólum borgarinnar. Mikilvægt er verklag til að bregðast við kynþáttafordómum (rasisma) sé til staðar þannig að öll börn upplifi sig velkomin í grunnskóla borgarinnar sem og fræðsla til þess að hægt sé að fyrirbyggja slíka hegðun. Grunnskólar eiga að vera öryggir staðir fyrir öll börn óháð uppruna og útliti.